



Formannafundur UMSB haldinn í fjarfundi 17. desember klukkan 18:00

Dagskrá

Bragi setti fund og var með stutta kynningu á dagskrá fundarins.

1. Nefnd um sameiningu /aukið samstarf félaga og deilda innan UMSB - Þórhildur fór yfir niðurstöður nefndar um hugsanlega sameiningu félaganna. Nefndin skilaði skýrslu en vill ekki leggja til sérstakar sameiningar því best er að það komi frá félögunum sjálfum.

2. Staðan félaga í covid Allir fulltrúar deildanna tjá sig aðeins um stöðuna í covid bæði kosti og galla: Golfklúbbarnir bera sig vel en aðrir hafa verið að horfa fram á miklar breytingar og staðan misjöfn hjá deildunum.

Bragi hvatti formennina til þess að nýta ýmis úrræði varðandi aðstoð við tekjulægri fjölskyldur vegna Covid. Einnig að hvetja deildir til þess að athuga hvort hægt sé að fá bætur vegna launaútgjalda í Covid.

3. Fjármunir til aðildarfélaga gegnum UMSB 2020 - Siggi fór yfir skiptingu á milli deildanna.

4. Fyrirlestur inn á Sportabler með Bjarna Fritz - hægt að fá þennan fyrirlestur sendann með því að tala við UMSB.

5. Samantekt á nýtingu íþróttamannvirkja innan Borgarbyggðar - Siggi fór yfir samantekt um nýtingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð. Umræða skapaðist um motocross og þeirra aðstöðumál. Boðað verður til fundar á næstunni.

6. Samstarf UMSB og UMFÍ - Bragi kynnti stöðu mála varðandi það að UMSB taki að sér ákveðin verkefni fyrir UMFÍ sem Sigurður á að sjá um. Samningar um þetta eru að klárast á næstu vikum. Þetta er tímabundið verkefni fram á sumar þar til Tómsfundastjóri kemur úr fæðingarorlofi.

7. Önnur mál - Nóri og Sportabler eru að renna í sömu sæng og verður það mjög til bóta.